

Föstudaginn 19. apríl 1991.

Nr. 79/1988. **Kristján Mikkaelsson**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Ásgrími Pálmasyni

(Gunnar Sólmes hrl.).

Skaðabætur. Vinnuslys. Örorka. Aðild. Greiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1988. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að fébætur til stefnda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 1.839.800 krónur með 42% ársvöxtum frá 7. febrúar 1983 til 20. september s.á., 35% frá 21. s.m. til 20. október s.á., 32% frá 21. s.m. til 20. nóvember s.á., 27% frá 21. s.m. til 20. desember s.á., 21,5% frá 21. s.m. til 20. janúar 1984, 15% frá 21. s.m. til 10. ágúst s.á., 17% frá 11. s.m. til 31. desember s.á., 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí s.á., 22% frá 11. s.m. til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars s.á. til 30. s.m., 9% frá 1. apríl s.á. til 20. janúar 1987, 10% frá 21. s.m. til 20. febrúar s.á., 11% frá 21. s.m. til 14. apríl s.á., 21% frá 15. s.m. til 30. s.m., 22% frá 1. maí s.á. til 31. s.m., 33,6% frá 1. júní s.á. til þingfestingardags í héraði, 4. s.m., en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að vöxtum fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 verði bætt við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Til frádráttar öllu þessu komi 4.488.600 krónur, sem stefndi hafi fengið greiddar þannig: 600.000 krónur 18. maí 1988, 150.000 krónur 8. júlí s.á., 100.000 krónur 13. desember s.á., 250.000 krónur 18. apríl 1989, 150.000 krónur 21. júní s.á., 398.600 krónur 14. júlí s.á.,

140.000 krónur 28. nóvember s.á., 500.000 krónur 14. desember s.á., 200.000 krónur 30. mars 1990, 1.500.000 krónur 5. júní s.á., 250.000 krónur 21. september s.á. og 250.000 krónur 10. október s.á. Einnig krefst stefndi staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta er risið af slysi, sem stefndi varð fyrir 7. febrúar 1983 í starfsstöð Vélsmiðju Ólafsfjarðar við Strandgötu á Ólafsfirði, er hann var þar að vinnu við smíði á rafsoðnum vatnsgeymi. Vélsmiðja Ólafsfjarðar var þá fyrirtæki í sameign þriggja manna, áfrýjanda, Eiríks Sævaldssonar og Óskars Gíslasonar, er störfuðu við það sjálfir. Var þetta félag þeirra ekki skrásett í firmaskrá Ólafsfjarðar-kaupstaðar, en firmanafnið skráð þar sem einkafirma áfrýjanda. Kveðst áfrýjandi hafa verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins og haft með skrifstofuhald að gera, auk þess sem hann hafi séð um verklegar framkvæmdir á sviði blikksmíði, en slysið hafi orðið í plötusmíðadeild fyrirtækisins. Áfrýjandi gekk úr samstarfinu við þá Eirík og Óskar nokkru eftir, að slysið varð. Hinir síðarnefndu stofnuðu hlutafélag um reksturinn í ársbyrjun 1986, Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf., og á áfrýjandi ekki aðild að því. Stefndi var starfsmaður sameigendanna þriggja, þegar slysið varð. Hann hóf aftur störf í vélsmiðjunni í október 1984 og hefur verið starfsmaður hlutafélagsins undanfarin ár.

Stefndi höfðaði mál þetta í héraði í maí 1987 gegn sameigendunum þremur persónulega og fyrir hönd Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf., en féll síðar frá kröfum á hendur hlutafélaginu. Fyrir héraðsdómi tók áfrýjandi til varna og krafðist sýknu af öllum kröfum stefnandans. Þeir Eiríkur og Óskar héldu hins vegar ekki uppi vörnum, en komu fyrir dóm til skýrslugjafar. Í héraðsdómi voru sameigendurnir þrír taldir bera óskipta fébótaábyrgð á slysi stefnda. Áfrýjandi hefur einn skotið þessum dómi til Hæstaréttar. Þeir Eiríkur og Óskar áfrýjuðu ekki málinu, en hafa innt af hendi greiðslur til stefnda upp í tildæmdar fébætur, eins og rakið er í kröfugerð hans.

Við áfrýjun á máli þessu hefur áfrýjandi ekki beint stefnu eða tilkynningu um málskotið til annarra varnaraðila í héraði, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Varðar það ekki frávísun málsins frá Hæstarétti, en málsúrslit hér fyrir dómi

verða ekki bindandi fyrir hina varnaraðilana í héraði, eins og áfrýjun er háttað.

Atvikum að slysi stefnda er lýst í héraðsdómi. Þegar þau gerðust, var hann 19 ára að aldri og hafði starfað hjá vélsmiðjunni á annað ár. Hann vann að því verki, er hann slasaðist við, undir eftirliti og faglegri leiðsögn eins af eigendum fyrirtækisins, Óskars Gíslasonar, sem var vélvirkjameistari. Með tilliti til hættunnar af þeirri aðferð, sem stefnda var gert að beita við prófun á suðum vatnsgeymisins, ber að fallast á það með héraðsdómara, að leggja verði alla ábyrgð á tjóni af slysinu á vinnuveitanda hans. Hvílir sú ábyrgð óskipt á áfrýjanda og sameigendum hans að Vélsmiðju Ólafs-fjarðar, eins og hún var starfrækt á þessum tíma.

Við slysið varð stefndi fyrir miklum meiðslum á vinstra fæti auk þess að brotna á hægra framhandlegg. Hlaut hann þverbrot á lærlegg og opið kurlbrot á fótlegg, þar sem stykki molaðist úr sköflungi og hluti af mjúkvefjum tættist burtu. Einnig skaddaðist hann á hné. Gert var að meiðslunum á Borgarspítalanum í Reykjavík, þar sem stefndi dvaldist í aðgerðum og endurhæfingu fram í september 1983. Töldu læknar hann vinnufæran 1. ágúst 1984, en þola þó ekki miklar göngur.

Af meiðslum sínum hefur stefndi hlotið tímabundna og varanlega örorku, eins og lýst er í héraðsdómi. Stefán Bogason læknir mat örorkuna 16. desember 1985, en Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur gerði útreikning á örorkutjóninu 30. mars 1987. Við útreikning á tekjutapi byggði hann á tekjum stefnda af verkamannavinnu á árunum 1981 og 1982, er taldar voru svara 523.200 króna árstekjum miðað við kaupgjald á útreikningstíma. Gerði hann ráð fyrir nokkurri hækkun frá þessum tekjum fram á 25. aldursár stefnda, en miðaði eftir þann tíma við meðaltekjur verkamanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Á grundvelli þessa útreiknings og að teknu tilliti til greiðslna á dagpeningum og slysabótum frá Tryggingastofnun ríkisins og bótum úr slysatryggingu launþega telur áfrýjandi fjártjón sitt af slysinu nema 1.339.800 krónum miðað við verðmæti á slysdegi.

Áfrýjandi hefur ekki vefengt örorkumatið eða útreikning tjónsins. Hins vegar telur hann, að taka þurfi tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi við ákvörðun skaðabóta til stefnda. Á grund-

velli þessa teljast bætur fyrir örorkutjón stefnda hæfilega ákveðnar 940.000 krónur.

Meiðsli stefnda á vinstra fótlegg voru stórfelld og þurftu ítrekaðra aðgerða við. Með hliðsjón af því og atvikum að öðru leyti þykja miskabætur til hans hæfilega ákveðnar 150.000 krónur.

Samkvæmt þessu verður fjárhæð skaðabóta til stefnda, sem áfrýjandi er ábyrgur fyrir ásamt sameigendum sínum, 1.090.000 krónur. Af hálfu áfrýjanda er því ekki mótmælt, að bæturnar beri vexti frá slysdegi. Þeir vextir, sem þannig ber að greiða af bótafjárhæðinni, eru hinir sömu og notaðir voru í tjónsútreikningi yfir tímabilið frá 7. febrúar 1983 fram að þingfestingu málsins í héraði 4. júní 1987, eins og stefndi hefur krafist og tiltekið var í héraðsdómi, en ekki verður heimilað að leggja vexti við höfuðstól á því tímabili. Frá síðarnefnda deginum til greiðsludags ber að greiða dráttarvexti af fjárhæðinni samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Gagnvart stefnda á áfrýjandi að njóta þess, að aðrir, sem ábyrgð bera á slysinu, hafa innt af hendi greiðslur til stefnda upp í skaðabætur vegna þess. Samkvæmt upplýsingum stefnda nema þær 4.488.600 krónum samanlagt. Hafa greiðslurnar farið fram eftir uppsögu héraðsdóms og áfrýjun málsins til Hæstaréttar á þeim dögum, sem fyrr var rakið. Þegar greiðslur þessar eru dregnar frá þeim skaðabótum til stefnda, sem áfrýjandi ber ábyrgð á, eftir því sem hér var á kveðið, reynast skaðabæturnar vera að fullu greiddar, bæði höfuðstóll og vextir. Ber þannig að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda um greiðslu þeirra.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað, að því er áfrýjanda varðar.

Með hliðsjón af sýknukröfu stefnda og af því, hvernig greiðslur fóru fram, þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kristján Mikkaelsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgríms Pálmasonar, í máli þessu, um annað en málskostnað.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað, að því er áfrýjanda varðar.

Áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Ólafsfjarðar 23. desember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Ásgrími Pálmasyni, nnr. 0699-0827, Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði, gegn Kristjáni Mikkaelssyni, nnr. 5873-8972, Viðihlíð 27, Sauðárkróki, Óskari Gíslasyni, nnr. 6923-6642, Hornbrekkuvegi 7, Ólafsfirði, Eiríki Sævaldssyni, nnr. 1881-7594, Aðalgötu 39, Ólafsfirði, persónulega og f.h. Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf., nnr. 9175-5556, Strandgötu 20, Ólafsfirði, til heimtu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða in solidum kr. 1.839.500 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu þeirra stefndu Óskars Gíslasonar og Eiríks Sævaldssonar er ekki haldið uppi vörnum í málinu.

Af hálfu stefnda Kristjáns Mikkaelssonar er þess krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að dómkröfurnar verði stórlega lækkaðar og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt framlögðum reikningi.

Samkvæmt stefnu voru málavextir þeir, að stefnandi vann sem verkamaður hjá Vélsmiðju Ólafsfjarðar og hafði unnið hjá fyrirtækinu í um það bil ár, þegar hann varð fyrir slysi við vinnu. Slysið varð að morgni 7. febrúar 1983. Stefnandi hafði, daginn áður en slysið varð, unnið við að smíða tank úr jární með rafsoðnum botni í báða enda. Verkið vann hann að mestu einn, en stefndi Óskar var verkstjóri yfir stefnanda, og stjórnaði hann verkinu. Kvöldið áður en slysið varð, dældi stefndi Óskar lofti á tankinn og skildi eftir loft í tankinum um nóttina. Morguninn eftir var loftið tekið úr tankinum, og var stefnanda falið að finna, hvar tankurinn læki, og sjóða í. Stefnandi byrjaði því á því að dæla lofti í tankinn og bar síðan sápuvatn með pensli á samskeytin til að finna leka. Hleypti stefnandi lofti af tankinum, áður en hann sauð í, þar sem hann taldi leka. Síðan dældi hann lofti í tankinn á ný og var að byrja að bera sápuvatn á samskeytin á ný, þegar tankurinn sprakk.

Þeyttist botninn úr tankinum og á stefnanda. Hlaut hann brot á hægri framhandlegg, vinstri lærlegg og vinstri fótlegg. Stefnandi var fluttur á

slysadeild Borgarspítalans. Var stefnandi á Borgarspítalanum til 8. september 1983, en þá var hann útskrifaður. Var stefnandi óvinnufær vegna slyssins þar til 1. ágúst 1984.

Varanlegar afleiðingar slyssins á stefnanda eru einkum, að hann hefur varanlega skerta stöðu- og göngugetu og búast má við, að slitgigt muni há honum verulega.

Stefán Bogason læknir metur örorku stefnanda vegna slyssins þannig, sbr. dskj. nr. 11:

Frá slysdegi í 18 mánuði	100%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Varanleg örorka	25%

Kröfur stefnanda í málinu eru byggðar á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dagsettum 30. mars 1987, sbr. dskj. nr. 12. Metur hann tjón stefnanda þannig:

1. Vegna tímabundinnar örorku	kr. 294.200
2. Vegna varanlegrar örorku	kr. 1.281.000

Stefnandi hefur fengið greidda frá Tryggingastofnun ríkisins dagpeninga, kr. 72.880, og slysabætur, kr. 170.250, sem eru á slysdegi kr. 151.200. Þá fékk stefnandi greitt frá Tryggingu hf. hinn 26. maí 1986 vegna slysatryggingar launþega kr. 150.882, sem eru á slysdegi kr. 84.200.

Tjón stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku er því kr. 1.339.800. Auk þess er gerð krafa um kr. 500.000 í miskabætur. Stefnuþjárhæðin er því kr. 1.839.500.

Stefnandi hefur kafið stefndu um bætur vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir vegna slyssins, en þeir hafa ekki fengist til að greiða stefnanda bætur, og því er málsókn óhjákvæmileg.

Í þinghaldi 3. desember sl. lýsti lögmaður stefnanda yfir, að fallið væri frá kröfum á hendur Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf. Lagði hann þá fram dskj. nr. 18, sem er breyting á kröfugerð stefnanda í málinu. Samþykkti lögmaður stefnda Kristjáns þá breytingu á kröfugerð stefnanda við munnlegan flutning málsins.

Er þá kröfugerð stefnanda í dskj. nr. 18 svohljóðandi: „Kröfugerð stefnanda í bæjarþingsmálinu nr. 5/1987: Ásgrímur Pálmason gegn Kristjáni Mikkaelssyni, Óskari Gíslasyni og Eiríki Sævaldssyni persónulega og f.h. Vélsmiðju Ólafsfjarðar sf. Gerð er krafa um, að stefndu greiði in solidum kr. 1.839.800 með 42% ársv. frá 7. febr. 1983 til 20. september s.á., með 35% ársv. frá 21.9. '83 til 20.10 s.á., með 32% ársv. frá 21.10. '83 til 20.11. s.á., með 27% ársv. frá 21.11. '83 til 20.12. s.á., með 21.5% ársv. frá 21.12. '83 til 20.1. '84, með 15% ársv. frá 21.1. '84 til 10.8. s.á., með 17% ársv. frá 11.8. '84 til 31.12. s.á., með 24% ársv. frá 1.1. '85 til 10.5. s.á., með 22% ársv. frá 11.5. '85 til 28.2. '86, með 12% ársv. frá 1.3. '86

til 30.3. s.á., með 9% ársv. frá 1.4. '86 til 20.1. '87, með 10% ársv. frá 21.1. '87 til 20.2. s.á., með 11% ársv. frá 21.2. '87 til 14.4. s.á., með 21% ársv. frá 15.4. '87 til 30.4. s.á., með 22,2% ársv. frá 1.5. '87 til 31.5. s.á., með 33.6% ársv. frá 1.6. '87 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist, að í dómsorði verði kveðið svo á, að tildæmdir vextir fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 skuli síðastgreindan dag bætast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.“

Í dskj. nr. 9, umsögn Vinnueftirlits ríkisins, dagsettri 18. mars 1987, segir m.a.: „Tildrög slyssins voru þau, að hinn slasaði var að þrýstireyna geyminn og notaði til þess þrýsiloft frá loftþjöppu, sem var með vinnuþrýsting 9 kg/cm²; á geyminum var 3/8“ loki, sem tengdur var gúmmíslöngu frá lofthylki þjöppunnar. Að sögn starfsmanna, sem voru í nálægð, þegar þrýstiraunin fór fram, var hinn slasaði að kanna lekastaði á suðusamskeytum geymisins (sem var undir loftþrýstingi). Þar sem voru lekastaðir á suðum, hafði hann síðan slípað niður suðurnar með slápirokk og soðið aftur. Þegar hann var að slípa niður eina suðuna, þeyttist skyndilega annar botninn úr geyminum með þeim afleiðingum, að hann lenti á hinum slasaða, sem handar- og fótbrotnaði. Ljóst virðist, að fullur loftþrýstingur frá loftþjöppunni var á geyminum, þegar slysið varð. Við skoðun á geyminum var víða sjáanlegt, að suður höfðu verið slípaðar niður og soðið í aftur..... Með hliðsjón af ofangreindu má rekja orsök slyssins til þess, að þrýstiraun geymisins fór fram með þjöppuðu lofti, þannig, að þegar botn geymisins gaf sig undan loftþrýstingnum, sprakk hann út vegna loftþenslunnar með framangreindum afleiðingum.

Kröfur vinnueftirlitsins eru eftirfarandi:

Stranglega er bannað í öllum tilfellum vegna slysaþattu að þrýstireyna geyma með lofti. Þrýstiraunir geyma skulu gerðar með vatni, þannig að öryggi starfsmanna verði tryggt.“

Aðilar hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur. Þeir telja sér hafa verið ókunnugt um það fyrir slysið, að bannað hafi verið að þrýstiprófa geyma með lofti, nema stefndi Kristján, sem kvaðst hafa bannað starfsmönnum og meðstefndu kvöldið fyrir slysið að nota loft við þrýstiprófun og tengt þá vatnsþrýstibúnað við tankinn. Meðstefndu Óskar og Eiríkur, stefnandi og vitnið Einar Ámundason kannast ekki við, að stefndi Kristján hafi bannað notkun lofts við þrýstiprófun né að hann hafi kvöldið fyrir slysið tengt vatnsþrýstibúnað við tankinn.

Ýmislegt bendir til þess, að stefnandi hafi sýnt óvarkárni við verkið, enda segist hann ekki hafa gert sér fulla grein fyrir, hve hættulegt verkið var, en búið var að láta hann vita af þrýstihámarki 4 - 6 kg.

Stefndi Óskar, sem kom að stefnanda skömmu eftir slysið, kveður hann hafa sagt, „að hann hafi gleymt sér“. Stefndandi kannast ekki við að hafa sagt þetta.

Þá kvað vitnið Einar Ámundason stefnanda hafa verið að nota slípirokk, er slysið varð. Kemur það og fram í dskj. nr. 3, lögregluskýrslu, haft eftir stefnda Óskari Gíslasyni, og í dskj. nr. (sic) umsögn Vinnueftirlits ríkisins.

Stefndandi kvaðst að minnsta kosti tvisvar hafa unnið við þrýstingsprófun með lofti í vélsmiðjunni, en þar hafi ávallt verið þrýstingsprófað með lofti.

Það er upplýst í máli þessu, að stefndi Óskar Gíslason, sem átti að hafa verkstjórn, fór af verkstæðinu skömmu fyrir slysið, er aðrir eigendur voru að störfum utan verkstæðis.

Málsástæður og lagarök.

Kröfur stefnanda eru einkum reistar á þeim málsástæðum, að stefndandi var látinn af stefnda Óskari, sem var verkstjóri og jafnframt einn af eigendum Vélsmiðju Ólafsfjarðar, nota loft við að þrýstireyna tankinn, en Vinnueftirlit ríkisins hefur bannað að nota loft við að þrýstireyna tanka. Þetta vissi stefndi Óskar, og því hljóti hann og sameigendur hans að vera bótaskyldir gagnvart stefnanda.

Stefndi Óskar sýndi af sér stórkostlegt gáleysi með því að láta stefnanda þrýstireyna tankinn með lofti og vanrækti einnig eftirlitsskyldu sína, því að hann skilur stefnanda einan eftir við að vinna verk, sem var stórhættulegt, ekki síst þegar haft er í huga, að stefndandi var ófaglærður.

Auk almennra ólögfesta reglna skaðabótaréttarins byggir stefndandi kröfur sínar á lögum nr. 46/1980.

Af hálfu stefnda Kristjáns Mikkaelssonar er á það bent, að hann hafi bannað starfsmönnum fyrirtækisins, þ. á m. stefnanda, að viðhafa þá aðferð við þrýstiprófun tanksins, sem leiddi til slyssins. Enn fremur er bent á, að stefndandi hafi unnið tæp 2 ár í vélsmiðjunni, þegar slysið varð, og hafi hann verið vanur rafsúðu. Hann hafi gert sér ljóst, að hætta fylgdi því, sem hann var að gera, auk þess sem hann sýndi vanrækslu í starfi og fór ekki eftir leiðbeiningum og varúðarráðstöfunum eldri starfsfélaga, sem vann með honum við verkið.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 46/1980 um öryggi, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum bar stefnanda þegar að tilkynna verkstjóra eða atvinnurekanda um ágalla, vanbúnað og skert öryggi.

Vaxtabótakröfu er mótmælt sem örökstuddri, og miskabótakröfu er mótmælt sem allt of hárrí.

Um sakarábyrgð stefnda Kristjáns er vísað til almennra reglna kröfuréttar og skaðabótaréttar og í lög nr. 46/1980 um öryggi, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum.

Niðurstaða.

Það verður að telja upplýst í málinu, að stefnandi var að vinna með búnað, sem Vinnueftirlit ríkisins hafði bannað að nota vegna slyshættu, sbr. dskj. nr. 9, og verður því að telja, að ábyrgðin á afleiðingum þess, að öryggisreglum var ekki fylgt, hvíli á eigendum og rekstraraðilum vélsmiðjunnar, sem voru stefndu, Kristján Mikkaelsson, Eiríkur Sævaldsson og Óskar Gíslason, eins og fram kemur í málinu. Sá síðastnefndi var með verkstjórn, en var ekki viðstaddur, er slysið varð.

Sú staðhæfing stefnda Kristjáns Mikkaelssonar, að hann hafi verið búinn að banna notkun lofts við þrýstiprófun og verið búinn að tengja vatnsþrýstibúnað við tankinn, verður að telja ósannaða, þar sem meðstefndu, stefnandi og vitnið Einar Ámundason kannast ekki við það.

Að mati dómarans skiptir ekki máli í þessu sambandi, að stefnandi hafi sýnt óvarkárni með því að nota slípirokk við tankinn, þótt þrýstingur væri á honum, sbr. framburð vitnisins Einars Ámundasonar. Stefnandi kvaðst þó sjálfur hafa verið að bera sápuvatn á suðurnar, er slysið varð.

Samkvæmt framangreindu bera eigendur Vélsmiðju Ólafsfjarðar, stefndu í málinu, fulla skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins fyrir stefnanda.

Því er hafnað bæði aðalkröfu stefnda Kristjáns um sýknu af öllum kröfum stefnanda og enn fremur varakröfu hans um, að dómkröfurnar verði stórlega lækkaðar.

Stefnandi hefur fallið frá kröfum á hendur Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf. Ágreiningslaust er um örorkumat og örorkuútreikning. Ekki er heldur tölulegur ágreiningur um vaxtakröfu.

Stefndu, Kristján Mikkaelsson, Eiríkur Sævaldsson og Óskar Gíslason, bera því in solidum ábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefndi Kristján hefur mótmælt miskabótakröfu sem allt of hárrí, en með hliðsjón af áverkum stefnanda, sjúkrameðferð og aðgerðum og varanlegum skaða, sbr. dskj. nr. 11, ber að fallast á hana að fullu.

Því ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 1.839.800 með [vöxtum, sbr. dómsorð].

Þá ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, kr. 250.000, og allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Barði Þórhallsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Kristján Mikkaelsson, Eiríkur Sævaldsson og Óskar Gíslason, greiði in solidum stefnanda, Ásgrími Pálmasyni, kr. 1.839.800 með 42% ársv. frá 7. febrúar 1983 til 20. september s.á., með 35%

ársv. frá 21.9. '83 til 20.10. s.á., með 32% ársv. frá 21.10 '83 til 20.11. s.á., með 27% ársv. frá 21.11. '83 til 20.12. s.á., með 21,5% ársv. frá 21.12. '83 til 20.1. '84, með 15% ársv. frá 21.1. '84 til 10.8. s.á., með 17% ársv. frá 11.8. '84 til 31.12. s.á., með 24% ársv. frá 1.1. '85 til 10.5. s.á., með 22% ársv. frá 11.5. '85 til 28.1. '86, með 12% ársv. frá 1.3. '86 til 30.3. s.á., með 9% ársv. frá 1.4. '86 til 20.1. '87, með 10% ársv. frá 21.1. '87 til 20.2. s.á., með 11% ársv. frá 21.2. '87 til 14.4. s.á., með 21% ársv. frá 15.4. '87 til 30.4 s.á., með 22% ársv. frá 1.5. '87 til 31.5. s.á., með 33,6% ársv. frá 1.6. '87 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Vextir fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 skulu bætast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Þá greiði stefndu in solidum stefnanda kr. 250.000 í málskostnað og allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
